

Viljayfirlýsing

Kostnaðarmatsverkefni vegna úrgangsstjórnunar sveitarfélaga



Samband íslenskra
sveitarfélaga

Undirrituð lýsa yfir vilja til þátttöku í verkefninu *Kostnaðarmatsverkefni vegna úrgangsstjórnunar sveitarfélaga*. Markmið verkefnisins er að ná betri yfirsýn yfir kostnað og tekjur sveitarfélaga í málaflokknum og hvernig þróun útgjalda og tekna hefur verið síðastliðin ár. Sambandið leiðir verkefnið með aðstoð tveggja ráðgjafa, annars vegar Pure North og hins vegar HLH ráðgjöf, sem munu vinna greiningarvinnuna og setja fram niðurstöður verkefnisins. Verkefnið er í tveimur áföngum og ráðgert er að hefja verkefnið í desember 2023. Áætlað er að niðurstöður úr fyrri hluta verkefnisins munu liggja fyrir í mars 2024 og niðurstöður seinni hluta í júní 2024. Viljayfirlýsingin tekur til samstarfs og þátttöku í ofangreindu verkefni.

Fulltrúi undirritaðs sveitarfélags mun skilgreina ábyrgðaraðila fyrir verkefninu. Aðilinn tryggir skilvirkt upplýsinga- og gagnaflæði auk þess að bera ábyrgð á samskiptum viðkomandi sveitarfélags við fulltrúa sambandsins og ráðgjafa. Viðkomandi sinnir gagnaöflun m.a. um þjónustu sem sveitarfélagið veitir og um kostnað og tekjur í úrgangsmálum, tekur á móti ráðgjöfum og fer með í vettvangsferðir um svæðið eftir atvikum og deilir þeim gögnum sem þarf til að ná fram markmiðum verkefnisins. Dæmi um gögn eru reikningar sem borist hafa sveitarfélaginu vegna meðhöndlunar úrgangs, útboðsgögn, s.s. útboðslýsingar og tilboðsskrár, samningar um kaup á þjónustu, vörum og framkvæmdum og önnur gögn sem tengjast úrgangsstjórnun sveitarfélagsins. Mikilvægt er að afhending gagna gangi greiðlega fyrir sig enda eru þau kjarninn í greiningarvinnu verkefnisins.

Ávinningur sveitarfélagsins af þátttöku í verkefni er aukin þekking á myndun kostnaðarliða og tekna í tengslum við meðhöndlun úrgangs.

Sambandið kemur til með að kosta aðkeypta sérfræðivinnu vegna verkefnisins. Aðrar greiðslur munu ekki fara á milli aðila. Sambandið tryggir gott samstarf og flæði upplýsinga milli aðila verkefnisins, sér til þess að aðkoma ráðgjafa verkefnisins skarist sem minnst og skapar vettvang til að kynna afurðir þess.

Sambandið er ábyrgðaraðili verkefnisins og mun veita leiðsögn og aðstoð á hverju stigi þess.

Reykjavík 9.1.2024

Arnar Þór Sævarsson
Framkvæmdarstjóri
Samband íslenskra sveitarfélaga

Almar Guðmundsson
Bæjarstjóri
Garðabær